

## Menntun mannsandans

### *Um heimspekileg markmið aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla\**

Í kjölfar fjármálahrunsins á Íslandi árið 2008 hafa margar umræðu sprettið um þau siðferðilegu gildi sem ættu að vera í hávegum höfð í samfélaginu. Einnig hefur mikið borið á umræðu um þá vöntun á gagnrýnisróddum á meðan „góðærinu“ stóð. Umræðan um tilurð og mikilvægi gagnrýnnar hugsunar hefur því átt sér stað, með mikilvægi þess í huga, að mennta komandi kynslóðir á þann hátt að sömu mistökkin endurtaki sig ekki. En bæði þessi atriði, siðferðileg gildi og gagnrýnin hugsun, eru viðfangsefni heimspekinnar. Það mætti því ætla að heimspekin væri sá vettvangur þar sem þessum atriðum væri best borgið í menntun komandi kynslóða.

Vorið 2011 mun ný aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis taka gildi. Sú námskrá er nú opin á síðu ráðuneytisins sem drög til skoðunar og skilafrestur til athugasemda og umsagna er til 1. október 2010. Í nýju námskránni er að finna meiri áherslu á ræktun siðferðislegra gilda og gagnrýnnar hugsunar en áður. Það kemur best fram í sérstökum inngangskafli að almennum hluta er kallast „Grunnþættir í menntun“ og á hann við öll þrjú skólastigin; leik-, grunn- og framhaldsskóla. Í þessum inngangskafli eru settir fram fimm lykilþættir sem eru taldir grunnþættir menntunnar og eiga þessir þættir að vera sem „leiðarljós“ í almennri menntun á þessum þremur skólastigum. Einnig kemur fram í inngangi textans að þessir fimm þættir eru einnig áhersluatriði sem má finna sem stefnu ýmissa málaflokka, alþjóðlegra samninga og alþjóðlegra stofnana sem Ísland er aðili að.<sup>1</sup> Markmið þessa hluta virðist því vera að skilgreina hugtakið menntun, til skilgreina betur stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, út frá almennri stefnu stjórnvalda er snýr að velferð einstaklingsins.

---

\*Ritgerð þessi var unnin sem námsritgerð í heimspeki við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands sumar 2010.

<sup>1</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Júlí 2010. „Grunnþættir í menntun“. Sótt 4. ágúst 2010 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar//nr/306>: 1

Hvort þessi nýja áhersla er vegna áhrifa frá fjármálahruninu eða ekki, skiptir ekki öllu máli. Það sem skiptir máli er að þessi hugmyndavinna, og vinnan við hugtakaskilgreiningu, hafi verið unnin til að skýra betur markmið náms og menntunnar. Enn mikilvægarara er að gera grein fyrir því með hvaða hætti þessum markmiðum skuli vera framfylgt. Ef leiðin að markmiðunum er óskýr er alls óvíst að markmiðinu verði náð. Eftir lestur nýju aðalnámskrá grunnskólans, sem er enn í vinnslu kemur berlega í ljós að mörg markmið hennar eru heimspekilegs eðlis. Hið sama má segja um þá námskrá sem nú þegar er í notkun. Í ljósi þessa tel ég því mikilvægt að draga fram þessi atriði, benda á heimspekilegt eðli þeirra og með hvaða hætti mætti ná fram markmiðum þeirra.

Í þessari ritgerð mun ég því reyna að skilgreina gildi og markmið heimspekikennslu með því að benda á þau ótalmörgu heimspekilegu markmið sem nú þegar er að finna í núverandi og væntanlegri aðalnámskrá grunnskólans ásamt því að fjalla um með hvaða hætti réttast væri að nálgast þessi markmið.

## Hlutverk menntastofnanna

Grunnskólinn er eina skólstigið sem er bundið lagalegri skólaskyldu. Í ljósi þess hefur þetta skólastig samfélagslegt uppeldislegt markmið, sem lýðræðislega kosin ríkistjórn landsins gefur tóninn að en eins og segir í aðalnámskrá grunnskólans frá árinu 2006, um hlutverk hans og markmið, þá er almenn menntun meginstoð lýðræðissins og undirstaða menningar og almennrar velferðar.<sup>2</sup> Jafnframt kemur fram að í skólanum „skal unnið að því í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi“<sup>3</sup> og að forsenda lýðræðis sé „meðvitaður og ábyrgur einstaklingur sem er fær um virka þátttöku í opnu og frjálsu þjóðfélagi.“<sup>4</sup> Það sem almenn menntun á síðan að leiða af sér er að einstaklingurinn hafi öðlast *gagnrýna, sjálfstæða hugsun* og hæfileikann til að bregðast við nýjum aðstæðum. Námskrá grunnskólans er því merkileg að því leiti að hún er unnin með það í huga að allir einstaklingar samfélagsins eigi að fá tækifæri til að ná markmiðum hennar. Sú námskrá mun hafa, eða hefur haft, áhrif á líf okkar allra. Þess vegna hugsum við líka um grunnskólann sem *grunn*-nám fyrir lífið, að í grunnskólanum sé að finna grunn að (flest) öllu sem koma skal.

---

<sup>2</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Almennur hluti. 2006. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík: 8

<sup>3</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Almennur hluti. 2006: 7

<sup>4</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Almennur hluti. 2006: 9

Með það í huga hlýtur vinnan við og framkvæmd þeirrar námskrár að veða hugmyndafræðilega þyngra en annarra skólastiga, án þess þó að minnka vægi námskrár annarra skólastiga en eðli þeirra samkvæmt ætti námskrá þeirra að vera sveigjanlegri. Vinnan við aðalnámskrána og endanleg útgáfa hennar er í höndum menntamálaráðuneytisins en ráðuneytið hefur það hlutverk að stýra og móta menntastefnu landsins ásamt því að hafa umsjón með framkvæmd hennar. Í aðalnámskrá grunnskóla segir að námskráin sé sett af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir en hlutverk hennar sé margvíslegt, hún sé jafnframt „stjórnæki til að fylgja eftir ákvæðum laga, fyrirmæli fræðslufyrvalda um að ákveðinni skólustefnu sé framfylgt og safn sameiginlegra markmiða skólastarfs í landinu.“<sup>5</sup> Endanleg úrvinnsla hennar og framkvæmd er því í höndum skólanna sjálfra en eins og kemur fram í aðalnámskrá grunnskólanna frá árinu 2006 þá bera kennarar „faglega ábyrgð á að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná markmiðum aðalnámskrár...“<sup>6</sup> En þrátt fyrir það að framkvæmd námskrárinnar sé endanlega í höndum skólanna sjálfra ber skólunum að sýna fram á, í sérstakri skólanámskrá, hvernig unnið sé að því að nálgast þessi markmið en þetta á við öll þrjú skólastigin, leik-<sup>7</sup>, grunn-<sup>8</sup> og framhaldsskóla.<sup>9</sup>

Eins og fram kom í inngangi ritgerðarinnar þá hefur verið unnin sérstakur inngangskafli að aðalnámskrá er ber heitið „Grunnþættir í menntun“. Hlutverk þessa kafla er að gera grein fyrir fimm grunnþáttum menntunnar sem lið í stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.<sup>10</sup> Með því að móta hugmyndafræði um grunnþætti menntunar þá er sett fram ein meginstemning sem gengur í gegnum skólastigin þrjú og bindur þau saman. Í kaflanum kemur fram að grunnþættir menntunar séu fimm: *Læsi í viðum skilningi*, *Lýðræði*, *Jafnrétti*, *Menntun til sjálfbærni* og *Skapandi starf*.<sup>11</sup> Með því að skilgreina þessa fimm þætti sem grunnþætti menntunnar er reynt að svara þeirri spurningu hvað menntun feli í sér og með ítarlegum skilgreiningum á þessum grunnþáttum er reynt að svara spurningunni *Hvert er markmið menntunnar?* Hins vegar svarar hvorki þessi kafli, né námskráin sjálf, því hvaða leiðir séu að þeim markmiðum, né spurningunni *Hvað er það að menntast?* Einnig kemur ekki fram hvernig þessir fimm

---

<sup>5</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Almennur hluti. 2006: 10

<sup>6</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Almennur hluti. 2006: 15

<sup>7</sup> Aðalnámskrá leikskóla. 1999, maí. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík: 8

<sup>8</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Almennur hluti. 2006: 12

<sup>9</sup> Almennur hluti: aðalnámskrá framhaldsskóla. 2004, júlí. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík: 9

<sup>10</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Júlí 2010: 1

<sup>11</sup> *sama*

grunnþættir voru valdir en þeir eiga væntanlega að endurspegla hugmynd okkar um hið „besta mögulega“ fyrir einstaklinginn í samfélagi við aðra. Þessi nálgun á menntun er því mjög heimspekileg. Hún fjallar óbeint um það hvað það er sem við viljum að allir einstaklingar tileinki sér í viðhorfi sínu gagnvart sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Hlutverk almennrar menntunnar er því að móta einstaklinginn í átt að því sem við sjáum fyrir okkur sem hið besta mögulega eintak af mannum í sambyli við aðra. Hún hefur því að gegna samfélagslegu uppeldislegu markmiði. Menntun felur því í sér það *besta mögulega* en markmið menntunnar er þá að einstaklingurinn öðlist þetta besta mögulega. En hvernig er þessu markmiði náð? Hvað er það að menntast?

Margar hugmyndir og kenningar eru til um það hvað það er að menntast. Heimspekingurinn Páll Skúlason segir meðal annars að það að menntast væri að verða, ekki *meiri* heldur *meira* maður.<sup>12</sup> Þetta þykir mér góð lýsing á því að menntast, menntun er ekki viðbót við það sem maður er heldur verður hluti af manni sjálfum. Að menntast er því að gera eitthvað utanaðkomandi að sínu eigin líkt og plantan sem vex og dafnar. Maðurinn kemur inn í veröld sem hann eyðir öllum sínum ævidögum í að reyna að skilja til fulls. Tilvera hans er því fólgin í því að kljást við hana. Þess vegna er það honum mikilvægt að nema og tileinka sér það sem er honum til framdráttar. Ein best leiðin til að tileinka sér eitthvað, að taka eitthvað til sín og gera það að hluta af sjálfum sér, er í gegnum heimspekilega samræðu. Það er vegna þess að í heimspekilegri samræðu tókumst við á við hugmyndir okkar og skoðanir um lífið og tilveruna.

## Gagnrýnin hugsun

Eins og kemur fram í aðalnámskrá grunnskólans þá eru skýr markmið grundvallarþáttur skólastarfs, markmiðin eru leiðarvísir í öllu skólastarfi og forsenda áætlanagerðar um nám og kennslu.<sup>13</sup> Enn fremur segir að skýr framsetning markmiða sé undirstaða þess „að allir leggi í þau sama skilning þar sem þau er viðmið í öllu skólastarfi.“<sup>14</sup> En spyrja má að því hvaða skilning við leggjum í eitt af meginmarkmiðum námskrárinnar, að efla sjálfstæða gagnrýna hugsun? Höfum við sameiginlegan skilningur á hugtakinu „gagnrýnin hugsun“? Erum við

---

<sup>12</sup> Páll Skúlason. „Viðhorf til menntunar“ í *Pælingar: Safn erinda og greina*. Reykavík, ERGO, 1987: 305

<sup>13</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Almennur hluti. 2006: 11

<sup>14</sup> *sama*

fær um að *efla* sjálfstæða gagnrýna hugsun ef það er ekki sameiginlegur skilningur á því hvað gagnrýnin hugsun sé?

Samkvæmt nánari skilgreininum á fimm grunnþáttum menntunnar virðast þeir, hver á sinn hátt, eiga að vinna að því að einstaklingurinn verði: *upplýstur og næmur* á umhverfi sitt með því að hafa öðlast læsi í víðum skilningi, *réttlátur* með skilning á lýðræði og jafnrétti, *sjálfstæður* í viðhorfi sínu til samfélagsins og að lokum *skapandi* í hugsun og verki. Sem grunnþættir menntunnar þá eru þetta þeir eiginleikar sem æskilegt er að allir menn hafi aðgang að og vonandi öðlist. Markmið sem við óskum hverjum einstaklingi sem veganesti út í lífið. Það sem allir þessir þættir hins vegar fela í sér er hugmyndin um gagnrýna hugsun, en hvernig ætti einstaklingurinn að geta orðið upplýstur, réttlátur, sjálfstæður og skapandi ef það er ekki með gagnrýnni hugsun? Hugtakið gagnrýnin hugsun kemur einnig víðsvegar beint eða óbeint fram í báðum þeim námskrám sem eru til umfjöllunar hér og verður farið nánar út í það síðar í ritgerðinni. En hvað *er* gagnrýnin hugsun? Verðum við ósjálfrátt gagnrýnin í hugsun eða er hún einhver ákveðin háttur hugsunar sem við þurfum að læra að nota?

Hér gefst ekki nægur tími til að skilgreina nákvæmlega hvað gagnrýnin hugsun sé en, eins og nafnið gefur til kynna, hlýtur hún að vera *ein af fleiri* tegundum hugsunar, hún er *gagnrýnin* hugsun. Heimspekingurinn Mikael M. Karlsson segir í grein sinni „Hugsun og gagnrýni“ að hægt sé að tala um tvenns konar hugsun. Fyrri tegundin er hugsun í afar víðum skilningi, en að hans mati felur sú hugsun það í sér að „skynja, ímynda sér, muna, álykta, reikna, yfirvega, dreyma, skálda, þekkja, forvitnast, undrast, efast, óttast og þar fram eftir götunum.“<sup>15</sup> En þessi tegund hugsunar þarf ekki endilega að vera gagnrýnin. Það á hins vegar við hugsun í þrengri skilningi orðsins en þess háttar hugsun felur það í sér að *vega og meta*.<sup>16</sup> Það er einnig nokkuð víst að gagnrýnin hugsun gerist ekki af sjálfu sér en samkvæmt franska heimspekingnum Oscar Brenifier er hún langt frá því að vera átakalaus fyrir einstaklinginn<sup>17</sup> og að lokum, þar sem lögð er mikil áhersla á í námskránni að einstaklingar *öðlist* gagnrýna hugsun, þá þarfnast hún augljóslega þjálfunar.

---

<sup>15</sup> Mikael M. Karlsson. 2005. „Hugsun og gagnrýni“ í *Hugsað með Páli: Ritgerðir til beiðurs Páli Skúlasyni sextugum*. Ritsstj. Róbert H. Haraldsson, Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason. Reykjavík, Háskólaútgáfan: 73

<sup>16</sup> *sama*

<sup>17</sup> Brenifier, Oscar. “To philosophize is to cease living”, *Oscar Brenifier: Institute of Philosophical Practises*. Sótt 16. júlí 2009 af: [http://www.brenifier.com/english/cease\\_living.htm](http://www.brenifier.com/english/cease_living.htm)

Besta leiðin til þess að þjálfar gagnrýna hugsun er í heimspekilegri samræðu. Í samræðunni fær einstaklingurinn tækifæri til að mæta öðrum huga og sínum eigin um leið. Samræða er því hentugt form til að rannsaka starfsemi hugans, við skoðum hugmyndir okkar um tilveruna á gagnrýninn hátt, hugmyndir sem hafa orðið órjúfanlegur hluti af okkur sjálfum og við erum hætt að taka eftir. Hún afhjúpar þar af leiðandi hvernig við hugsum, veraldarsýn okkar, með gagnrýn um hætti. Sem leiðir til þess að hún opnar augu okkar fyrir kostum og göllum hugsana okkar og þjálfar okkur í *gagnrýninni hugsun*.

Vegna þessara eiginleika samræðunnar ætti hún að vera almennur hluti af starfi leik-, grunn- og framhaldsskólans sem leið til að ná settum markmiðum námskrárinnar sem eru meðal annars að þjálfar nemendur í gagnrýnnin hugsun. En hvernig ber að framkvæma þessa samræðu? Er hún stunduð sem fag eða aðferðafræði í kennslu? Á heimspekileg samræða heima sem aðferðafræði í öllum fögum eða á að gefa henni sérstakan tíma í stundatöflu sem námsgrein?

Áður en lengra er haldið er vert að skoða hlutverk og gildi heimspekikennslu á ólíkum skólastigum og ólíkar nálganir í heimspekikennslu.

### Heimspeki sem fag eða aðferðafræði?

Heimspekinni sem fræðigrein virðist vera fátt óviðkomandi en fyrir vikið virðist viðfangsefni hennar og markmið vera fremur opið og óljóst. Algengt viðhorf til heimspeinnar er að ekki sé til neitt eitt rétt svar og því séu öll svör rétt í sjálfu sér og þar af leiðandi sé hægt að segja hvað sem er með tilbúnum rökum. Ef við teljum að í heimspekinni sé allt mögulegt og ómögulegt þá mætti ætla að hægt væri að gera allt mögulegt í nafni hennar, lítinn undirbúning þurfi jafnvel fyrir kennara til að kenna fagið og að hann gæti tekið sér það fyrir hendur sem hann kys, heimspekin er jú um lífið og tilveruna, allt og ekkert. Þeir sem hafa hins vegar lagt hafa stund á heimspeki vita að svo einfalt er það ekki.

Þetta viðhorf er alls ekki algilt en vegna þessa, og vegna þess hversu opin heimspekin er sem fræðigrein, þarf að standa vörð um heimspekina í heimspekikennslunni. Mikil hugmyndafræði liggur á bak við hugmyndina um heimspeki með börnum og unglingum og nú þegar er mikið til af fræði- og kennsluefni um þetta efni, þó ekki hafi verið mikið þýtt á íslensku. Það er því langt í frá að heimspeki í skólum með börnum og unglingum hafi komið til að sjálfu sér. Á síðustu öld lögðu margir fræðimenn, á borð við Matthew Lipman og Ann

Margaret Sharp<sup>18</sup>, hönd á plóg við að færa rök fyrir því að heimspeki ætti jafn vel við börn og unglinga sem og fullorðna. Grunnatriði hugmyndafræðinnar er því það að börn og unglingar *geti* tekist á við heimspekileg viðfangsefni jafnt og fullorðnir, algerlega óháð nokkurri fyrirframþekkingu á heimspeki. Með þessu var auk þess bent á að það að takast á við heimspekileg viðfangsefni væri á allra færi, heimspekileg samræða væri fyrir alla. Í þessum fræðum er lögð áhersla á það að í heimspekikennslunni séu nemendur *að takast á við* heimspekileg viðfangsefni en ekki sé endilega verið að kenna þeim *um* heimspeki. Innan fræðanna er hins vegar hægt að fara margar ólíkar leiðir í nálgun sinni í kennslu og til að vel sé að verki staðið þarfnast kennarinn því þjálfunar og innsýnar inn í hugmyndafræði heimspekikennslunnar. Ef ekki er vel að verki staðið í skilgreiningu á heimspekikennslu, markmiðum hennar og tilgangi, gæti farið svo að heimspekin sem námsgrein fengi það orð á sig að vera fremur ómarkviss og þar af leiðandi jafnvel tilgangslaus. Vanda þarf því vel til verka því þetta skilgreiningaratriði er ekki einungis mikilvægt fyrir þá sem bera hag heimspekinnar fyrir brjósti heldur einnig kennara, skólastjórnendur og anarra sem koma að starfi og skipulagningu skólanna, og að lokum, fyrir samfélagið í heild sinni, ef vel er að verki staðið.

#### *Að læra um eða leggja stund á*

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að gera greinarmun á tveimur ólíkum grunnálgunum á kennslu í heimspeki.

Það hvernig við nálgumst heimspeki í kennslu fer eftir þeim markmiðum sem við viljum ná fram. Þó að heimspekin sé opin og víðferm, og erfitt sé að svara því á einfaldann hátt hvað heimspeki sé, þá eitt hægt að segja með nokkurri vissu: heimspeki er ákveðin háttur hugsunar og innan heimspekinnar er hægt að finna marga ólíka hætti hugsunar. Það er augljóslega hægt að fjalla og kenna *um* þessa þætti. Ef markmið kennslunnar er að kynna heimspeki fyrir nemendum, að þeir öðlust grundvallar þekkingu á helstu hugtökum hennar, hugsuðum og sögu, þá væri hægt að haga kennslunni þannig að hún sé fremur hefðbundin

---

<sup>18</sup> Sjá til dæmis: *Philosophy in the classroom* eftir Matthew Lipman, Ann Margaret Sharp og Frederick S. Oscanyan. Sótt 15. ágúst 2010:  
[http://books.google.is/books?id=hA979gYzTw4C&printsec=frontcover&dq=Matthew+Lipman&source=bl&ots=GNN\\_v2kOa0&sig=zSyM\\_Ev76R9sfYFK7ydCKV\\_aCjw&hl=is&ei=3U98TIDtHYqZ4Aaa57SHBg&sa=X&oi=book\\_result&ct=result&resnum=2&ved=0CCEQ6AEwAQ#v=onepage&q&f=false](http://books.google.is/books?id=hA979gYzTw4C&printsec=frontcover&dq=Matthew+Lipman&source=bl&ots=GNN_v2kOa0&sig=zSyM_Ev76R9sfYFK7ydCKV_aCjw&hl=is&ei=3U98TIDtHYqZ4Aaa57SHBg&sa=X&oi=book_result&ct=result&resnum=2&ved=0CCEQ6AEwAQ#v=onepage&q&f=false)

kennsla, samsett af fyrirlestrum kennara og munnlegum og verklegum verkefnum nemenda. Kennslan væri þá alls ekki ólík kennslu í háskólanum en heimspekikennslu í háskólanum er lýst á þann veg að heimspekin hagi glímunni við spurningar sínar m.a. „með því að skoða sögu heimspekinnar, greina lykilhugtök, íhuga hvað merkir hugsuðir hafa sagt um hin ýmsu vandamál, og hvaða kenningar heimspekingar hafa komið fram með“<sup>19</sup>, nema að því leiti að hún myndi aldrei ná að rista jafn „djúpt“ þar sem markmið kennslunnar er ekki að nemandinn verði heimspekilegur fræðimaður, heldur öðlist þekkingu á og læri *um* heimspeki. Þó að nálgunin sé kannski ekki svo ólík þá er stigsmunur á þessum tveimur skólástigum. Heildarmarkmið háskólanáms er annað en í grunn- eða framhaldsskóla. Fræðimaðurinn kynnir sér heimspekihefðina, kynnir sér hugmyndir, kenningar og lykilhugtök fyrri heimspekinga, með það að markmiði að leggja eitthvað til heimspekihefðarinnar. En það er ekkert sem segir að nemandi sem öðlist þekkingu á og læri *um* heimspeki geti ekki orðið heimspekilegur fræðimaður með tímanum.

Það sem kemur einnig fram í kennsluskrá háskólans er að heimspekin beitir fyrst og fremst rökræðunni til að varpa ljósi á þau vandamál sem glímt er við.<sup>20</sup> Það að „beita rökræðunni“ getur bæði þýtt að beita innri rökræðu, og tjá hana þá skriflega, eða að rökræða í hópi með öðrum. Ef rökræður í hópi fara fram á viðeigandi hátt kallast hún heimspekileg samræða. Þegar heimspekileg samræða á sér stað er aðferðafræði kennslunnar um margt ólík hefðbundinni kennslu. Heimspekileg samræða er því önnur tegund heimspekikennslu. Þar er ekki kennt *um* heimspeki heldur *lagt stund á* heimspeki.

En hver er munurinn á því að kenna um og leggja stund á? Góður kennari getur kennt um hvað sem er en til að geta *lagt stund á* heimspeki með nemendum sínum þarf þjálfun og skilning á heimspekilegri samræðu. Mest áberandi munurinn á hefðbundinni kennslu og heimspekilegri samræðu er að í hefðbundinni kennslu er betur hægt að aðskilja námsefnið frá kennsluáferðinni. Á einum stað er námsgreinin, til dæmis saga, sagan eins og við þekkjum hana, um tiltekna hluti, ásamt sagnfræðinni sem tekur á þessum staðreyndum og rannsakar þær. Á öðrum stað er aðferðafræði kennslunnar, ein af mörgum tiltækum, sem kennarinn taldi best hæfa þessu námsefni og aldri nemendanna. Þar af leiðandi, ef kenna á nemendum *um* heimspeki, þá er það í höndum kennarans að skilgreina aðferðafræði

---

<sup>19</sup> Háskóli Íslands: Kennsluskrá 2010-2011. Sótt 18. maí 2010 af:

<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=17403&kennsluar=2010>

<sup>20</sup> *sama*



kennslunnar. Ef, hins vegar, eigi *að stunda* heimspeki með nemendum þá er heimspekin sjálf aðferðafræðin. Efnið, heimspekin, og aðferðafræðin eru óaðskiljanleg. Þannig skilur heimspekikennslan, þar sem fjallað er um siðferðileg gildi og þjálfað gagnrýna hugsun í heimspekilegri samræðu, sig frá hefðbundinni kennslu. Kennslan er heimspekileg.

Heimspekin er því ekki bara hluti af því liðna, hún sem og önnur fræði bæta stöðugt við sig, en það sem meira er, þegar *lagt er stund á* heimspeki í heimspekilegri samræðu þá verður hún órjúfanlegur hluti af núinu. Heimspekin er þá ekki safn þáliðinna hugmynda heldur órjúfanlegur hluti af okkur sjálfum, af tilvist okkar. Heimspekilega samræðu er því ekki hægt að kljúfa frá núinu, hún á sér stað. Með því að leggja stund á heimspekilega samræðu þá þjálfum við hæfni okkar til að hlusta á það sem aðrir segja, leggja merkingu í orð þeirra, tjá tilfinningar okkar, skoðanir og hugmyndir, bera ábyrgð á orðum okkar og endurmeta tilfinningar okkar, skoðanir og hugmyndir, taka tillit til annarra og tilfinninga þeirra, skoðana og hugmynda, „að yfirgefa sjálfsverundina“ og öðlast gagnrýna hugsun.

Þó að samræðan gefi einstaklingnum enga sögulega *yfirsýn* yfir heimspekihefðina þá gefur hún honum öllu heldur *innsýn* inn í heimspekihefðina. Hún gefur honum innsýn án þess að segja neitt til um hvar hún er stödd innan hefðarinnar. Hún segir manni það eitt að þú ert að stunda heimspeki sem er ein besta leiðin til að þroska og efla mannsandann.

Það er því hægt að kenna heimspeki á tvo vegu, annars vegar á hefðbundin hátt, en þá er nemandanum kennt *um* heimspeki, en hins vegar með því *að leggja stund á* heimspeki, en þá er áherslan lögð á að þjálfra gagnrýna hugsun. Hefðbundin kennsla er þó góð og gild. Hún gefur nemandanum innsýn inn í heimspekina sem fræði og jafnvel tilgang hennar í tilveru mannsins.<sup>21</sup> En hvers vegna ætti þá að leggja áherslu á samræðuna í stað þess að kenna *um* heimspeki?

#### *Gildi heimspekilegrar samræðu*

Hver er munurinn á heimspekilegri samræðu og öðrum samræðum? Hvað er það sem skiptir máli fyrir samræðuna til að hún sé heimspekileg og þar af leiðandi að af henni sé einhver annar ávinningur en einber skoðanaskipti? Það sem skiptir mestu máli í skilgreiningu á heimspekilegri samræðu er hvernig samræðan fer fram. Bandaríski fræðimaðurinn Róbert

---

<sup>21</sup> Dæmi um lýsingar á heimspekikennslu í framhaldsskólum frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og Kvennaskólanum í Reykjavík. Sótt 13. ágúst 2010:  
[http://mh.is/?d=4&m=mmod\\_mh&f=getAfangar&afangi=61&tunga=isl](http://mh.is/?d=4&m=mmod_mh&f=getAfangar&afangi=61&tunga=isl)  
<http://kvenno.is/?PageID=56&IdNamsgrein=1004>

Fisher hefur skrifað bókina *Creative dialogue: Talk for thinking in the classroom* sem fjallar um ólíkar aðferðir við heimspekikennslu með börnum. Þar gerir hann greinamun á fimm tegundum munnlegra samskipta. Þá fyrstu nefnir hann *frásögn* en til að hefja frásögnina segjum við til dæmis „Nú ætla ég segja þér/ykkur frá...“. Aðra tegundina nefnir hann *fyrirspurn* en þá hefst samræðan á orðum eins og: „Getur þú/þið sagt mér...“. Þá þriðju nefnir hann *samtal* sem hefst þá á orðum eins og: „Nú skulum við spjalla saman um...“. Fjórðu tegundina nefnir hann *umræðu* líkt og: „Nú skulum við ræða um...“. Þá fimmtu og síðustu nefnir hann *samræðu* en hún hefst þá á orðum líkt og: „Nú skulum við hugsa saman um...“.<sup>22</sup> Markmið samræðunnar er því ekki að spjalla saman um eða velta hversdagslega vöngum yfir einhverju tilteknu heldur að hugsa markvisst saman um eitthvað tiltekið viðfangsefni. Undirliggjandi markmið samræðunnar er þá að takast á við, glíma við, eitthvað sameiginlega, að þjálfa gagnrýna hugsun. En það er í höndum leiðbeinanda samræðunnar að ná fram markmiðum samræðunnar með því að stýra henni á viðeigandi hátt.

Kennarinn, leiðbeinandi samræðunnar, er aðeins túlkandi, áhorfandi og stjórnandi en ekki þátttakandi samræðunnar. Hlutverk hans er því fyrst og fremst að stýra samræðunni utanfrá því það skiptir miklu máli hvernig samræðan fer fram og um hvað er rætt. Þekking kennarans á viðfangsefni sínu, sem er bæði samræðan og nemandinn sjálfur, skiptir þar að auki miklu máli en eðli þess samkvæmt gerir næmni hans og innsæi, gagnvart aðstæðum og viðfangsefni, herslumuninn. En til þess að geta staðið vel að verki þarfnast kennarinn innsæis og áræðni. Franski heimspekingurinn Oscar Brenifier hefur einnig fjallað ítarlega um aðferðafræði samræðunnar. Hann leggur áherslu á að þátttakendur samræðunnar tileinki sér viðeigandi viðhorf til að gagnrýnin hugsun geti átt sér stað en leiðin að viðhorfunum er hluti af samræðunni.<sup>23</sup> Það er því aðferðafræði samræðunnar ásamt viðfangsefni hennar sem gerir hana að heimspekilegri samræðu. Það hvernig samræðan fer fram, markmið hennar og viðfangsefni, gera það að verkum að hún er besta leiðin til þess að ná fram þeim markmiðum sem eru að finna í aðalnámskrá, þau að efla skilning á siðferðilegum gildum og hæfileikann til gagnrýnnar hugsunar.

---

<sup>22</sup> Fisher, Robert. 2009. *Creative dialogue: Talk for thinking in the classroom*. Routledge, Taylor & Francis Group. London and New York: 6-8

<sup>23</sup> Brenifier, Oscar. “To philosophize is to cease living”, *Oscar Brenifier: Institute of Philosophical Practises*. Sótt 16. júlí 2009 af: [http://www.brenifier.com/english/cease\\_living.htm](http://www.brenifier.com/english/cease_living.htm)

## Heimspékileg markmið námskrárinnar

Eftir þessa útlístun á gildi og markmiðum heimspékilegrar samræðu og hlutverki menntunnar er komin tími til að skoða nánar þau heimspékilegu markmið sem eru að finna í námskránni sjálfri. Ég mun byrja á að skoða aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2006 og undirkafla hennar er fjalla sérstaklega um námsgreinarnar kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði; lífsleikni; samfélagsfræði og íslensku, og að lokum drög að nýrri aðalnámskrá grunnskóla sem birt voru á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins 14. júlí 2010.

Til að byrja á almennum hluta aðalnámskrárinnar þá eru eftirfarandi markmið, sem sett eru fram sem markmið almennrar menntunnar,<sup>24</sup> jafnframt lykilmarkmið heimspékilegrar samræðu, en þau eru:

- *að efla gagnrýna og sjálfstæða hugsun*
- *að bregðast við nýjum aðstæðum*
- *að tjá sig*
- *bera ábyrgð á gjörðum sínum*
- *verið óhræddir við breytingar*
- *umburðarlyndi*
- *virðing fyrir náunganum*
- *að þekkja og tjá eigin tilfinningar*
- *að virða tilfinningar annarra og tjáningu þeirra*

Eins og sést á þessum markmiðum þá er þau öll að finna sem markmið heimspékilegrar samræðu, eins og áður hefur komið fram. Markmið heimspékilegrar samræðu fara því vel saman með markmiðum námskrárinnar, samt sem áður er heimspeki hvergi nefnd á nafn í námskránni í því samhengi. Önnur atriði sem koma fram í kaflanum um hlutverk og markmið grunnskóla er hægt að nálgast sem *viðfangsefni* heimspékilegrar samræðu, en þau eru:

- *virðing fyrir umhverfinu*
- *heilbrigðis dómgreind*
- *náungakarleikur*

---

<sup>24</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Almennur hluti. 2006: 8-9

- *verðmætamat*
- *efla siðferðisvitund*
- *efla menningarvitund og virðingu fyrir menningu annarra þjóða*
- *rækta hæfileika til að njóta menninga og lista*
- *efla skilning á réttindum einstaklingsins, ábyrgð hans og skyldum*
- *dýpka skilning á samfélaginu*

Heimspækileg samræða á þar af leiðandi einkar vel við sem aðferðafræði í kennslu almennt. En í kaflanum um hlutverk og markmið grunnskóla kemur einnig fram að umfjöllun um siðferðileg gildi og forsendur þeirra eigi heima í öllum námsgreinum.<sup>25</sup>

#### *Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði*

Í hlutanum er fjallar um kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði kemur fram að skólinn þurfi að gefa nemendum tækifæri til að fást við viðfangsefni sem „tengjast leit þeirra að svörum við spurningum um merkingu lífsins og siðræn gildi“.<sup>26</sup> Í framhaldi af því er bent á að uppeldishlutverk skólans hafi aukist jafnt og þétt og að mikilvægur þáttur uppeldismótunarinnar sé siðgæðisuppeldið. En þó lögð sé áhersla á það að skólinn miðli gildum samfélagsins til nemenda þá tel ég einnig mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að ræða opið og gagnrýnið siðferðisgildi samfélagsins og þá í heimspækilegri samræðu svo einhver ávinningur verði af. Einnig kemur fram að kennsla í kristnum fræðum eigi að vinna markvisst að því „að stuðla að siðgæðisþroska nemendanna í glímu við siðferðisleg álitamál.“<sup>27</sup> Siðferðisleg álitamál eru í eðli sínu oft viðkvæmt umræðuefni og að mínu mati er engin betri leið til að glíma við siðferðisleg álitamál en í heimspækilegri samræðu en það er vegna þess að samræðan byggir á trausti og virðingu og þar af leiðandi erum við frjáls til að tjá hugmyndir okkar og skoðanir án þess að við séum dæmd af orðum okkar.

En höfundur þessa hluta námskrárinnar virðist vera sammála mikilvægi heimspækilegrar samræðu þegar tekist er á við efni sem tengist trú, lífsskoðun og siðferði, þó að hann nefni hana ekki á nafn. Í umfjöllun um kennsluáðferðir segir að gagnrýnin hugsun sé mikilvægir eiginleiki þegar tekist er á við þetta efni og að þjálfun í „agaðri, málefnalegri

<sup>25</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Almennur hluti. 2006: 9

<sup>26</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík: 5

<sup>27</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. 2007: 6

umræðu um álitamál er öðru líklegri til að þroska með nemendum gagnrýna hugsun og efla dómgreind þeirra.<sup>28</sup> En heimspekileg samræða er ekkert annað en öguð málefnaleg umræða.

Á einum stað segir hins vegar að þær námsgreinar sem eru nærtækastar kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði séu saga, listgreinar, lífsleikni og *heimspeki*.<sup>29</sup> Með því er heimspekinn skilgreind *frá* þessum kristin-, sið- og trúarbragðafræðum en ástæðan fyrir því á kannski rætur sínar að rekja til þess hvernig við skilgreinum heimspekikennslu en eins og kom fram í kaflanum um að læra *um* og *leggja stund á* þá er hægt að nálgast heimspekikennslu á fleiri en einn veg. Að mínu mati fer það þó ekki á milli mála að heimspeki sem aðferðafræði á vel heima í kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði en dæmi um lokamarkmið námsgreinarinnar eru:

- *þjálfist í að fást við og skilja viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins*
- *temji sér umburðalyndi og virðingu fyrir rétti manna til mismunandi trúar- og lífskæðana*
- *öðlist skiling á gildi trúarbragða og lífsviðhorfa og innbyrðis ábrifum þeirra og menningar og samfélags*
- *þroski með sér gagnrýna hugsun og siðferðilega dómgreind og þjálfist í að fást við siðferðileg álitamál og taka afstöðu á grundvelli þekkingar og skilnings*<sup>30</sup>

Einnig eru ýmis áfangamarkmið tilvalin viðfangsefni heimspekilegrar samræðu svo sem: ábyrgð, virðing, vinátta, fyrirgefning, umburðarlyndi, rétt og rangt, jafnrétti, nærgætni, góðvild, heiðarleiki, líf og dauði.<sup>31</sup>

### *Lífsleikni*

Um gildi og markmið lífsleiknikennslu hefur ýmislegt verið rætt og skrifað en almennt hafa markmið fagsins virðst vera frekar almenn og opin. En eins og fram kemur í námskránni þá er eðlilegt að lífsleiknin sé samofin öllu skólstarfi og skólabrag, jafnframt að lífsleikni sé heiti margra námsþátta og hið fjölþætta eðli þeirra auðveldi kennurum að feta ólíkar leiðir að settum markmiðum.<sup>32</sup> Í lífsleikni er horft á einstaklinginn í heild sinni, færni hans til

<sup>28</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. 2007: 7

<sup>29</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. 2007: 8

<sup>30</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. 2007: 8-9

<sup>31</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. 2007: 9-18

<sup>32</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Lífsleikni. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík: 5

mannlegra samskipta, gagnrýninnar hugsunar, tjáningar og þess að færa rök fyrir máli sínu.<sup>33</sup> Hér sem annarstaðar á heimspekileg samræða vel heima, hún þjálfar einstaklinginn í mannlegum samskiptum með tilliti til virðingar og samkenndar, tjáningu hugmynda sinna og skoðana og færa rök fyrir máli sínu, með því að bera ábyrgð á orðum sínum, og opnar fyrir möguleikann á gagnrýninni hugsun.

Markmiðum lífsleiknihlutans er skipt í tvo meginhluta, annar snýr að sjálfsþekkingu, samskiptum, sköpun og lífsstíl en hinn að samfélagi, umhverfi, náttúru og menningu.<sup>34</sup> Hvor hlutinn fyrir sig hefur því ólíkar áherslur, sá fyrri á sjálfsþekkingu, þroska og mannrækt en sá síðari á ytri þætti daglegs lífs. Mikið af heimspekilegum markmiðum er að finna í þeim hluta er snýr að sjálfsþekkingu, samskiptum, sköpun og lífsstíl en dæmi um loka- og áfangamarkmið þess hluta eru:

- *öðlist skilning á mannréttindum með því að rækta með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra*
- *öðlist færni í tjáskiptum og styrkist þannig í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum*
- *geta sett hugtakið jafnrétti í margbreytilegt sambengi*
- *geta tjáð hugsanir, skoðanir, tilfinningar og væntingar*
- *hafa áræði til að spyrja gagnrýninna spurninga*
- *hafa lært leiðir til að efla samskiptafærni sína sem felur meðal annars í sér*
  - *færni í samvinnu*
  - *að sýna tillitssemi*
  - *að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum*
  - *að setja sig í spor annarra*
  - *að hlusta á aðra og sýna kurteisi*
- *geta tjáð og fært rök fyrir hugsunum, skoðunum, tilfinningum og væntingum gagnvart öðrum*
- *hafa lært að nýta sér fjölbreytilegar aðferðir í samskiptum til að geta*
  - *sýnt sanngirni*
  - *sýnt réttlæti og kurteisi*
  - *leyst ágreining á farsælan hátt*

---

<sup>33</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Lífsleikni. 2007: 5

<sup>34</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Lífsleikni. 2007: 7

- *staðist neikvæðan þrýsting frá jafningjum...*
- *geta vegið og metið á gagnrýninn hátt kosti og galla mismunandi möguleika, hugmynda og svara*
- *geta tjáð og rökrætt hugsanir sínar, skoðanir, tilfinningar og væntingar til að komast að sameiginlegri niðurstöðu*<sup>35</sup>

### *Samfélagsfræði*

Það mætti halda að eitthvað af heimspekilegum markmiðum væru að finna í samfélagsfræði en heimspekin fellur alla jafna undir samfélagsgreinar í grunn- og framhaldsskólum. Í námskránni kemur hins vegar fram að í grunnskóla mynda samfélagsfræði, landafræði, saga og þjóðfræði uppistöðu samfélagsgreina.<sup>36</sup> Heimspeki er eflaust ekki nefnd á nafn þar sem hún er almennt ekki kennd á grunnskólastigi nema þá sem valáfangi á unglingsstigi. Viðfangsefni samfélagsfræðinnar er þó að hluta til þau sömu og heimspekinnar en eins og fram kemur í inngangi námskrárinnar þá fjalla samfélagsgreinar „um stöðu, hlutverk og möguleika mannsins í samfélagi og náttúru, í tíma og rúmi...“<sup>37</sup> Meginmunurinn er þó sá að samfélagsfræðin nálgast viðfangsefni sitt annan hátt og tekur það öðrum tókum en heimspekin. Þrátt fyrir það væri hægt að nota heimspekilega samræðu sem aðferðafræði til að kljást við hin ýmsu hugtök sem samfélagsfræðin fjallar um. Hugtök líkt og sjálfmynd, samfélag, náttúruleg og manngerð verðmæti, fortíð, nútíð og framtíð, menning, borgarvitund og það að vera virkur og ábyrgur þátttakandi í samfélagi.<sup>38</sup>

### *Íslenska*

Að lokum er það íslenskuhlutinn. Það einna helsta sem einkennir þann hluta, í tengslum við heimspekileg markmið, er að íslenska tungan er lykilinn að samskiptum, tjáningu og læsi á umhverfi sitt. En þátttaka í umræðum er mjög mikilvæg fyrir lýðræðisþjóðfélag og mikilvægt er að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og geti tjáð skoðanir sínar.<sup>39</sup> Mikil áhersla er því lögð á framsögu, tjáningu og læsi og það að geta hlustað á aðra á gagnrýninn hátt. Einnig er bent á að með lestri og umræðum um bókmenntir gefist tilefni til glímu við stórar

<sup>35</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Lífsleikni. 2007: 7-11

<sup>36</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Samfélagsfræði. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík: 5

<sup>37</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Samfélagsfræði. 2007: 5

<sup>38</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Samfélagsfræði. 2007: 6-8

<sup>39</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Íslenska. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík: 9

spurningar, lífið og tilveruna.<sup>40</sup> Bókmenntir eru án efa hafsjór hugmynda um lífið og tilveruna og oft tilvalin inngangur að heimspekilegri samræðu. En hér verður þó að hafa huga greinarmuninn á umræðu, framsögu og einangraðri tjáningu og heimspekilegri samræðu líkt og greint var frá hér að ofan (sjá umfjöllun um Robert Fisher s. 11). Með heimspekilegri samræðu eru markmiðin fleiri en bara viðfangsefnið. Í heimspekilegri samræðu tjáum við ekki skoðanir okkar án þess að færa rök fyrir þeim né án þess að taka tillit til skoðana annarra á því sem við segjum. Í samræðunni verðum er því ekki nóg að geta tjáð skoðanir sínar heldur verðum við að geta fjallað um þær með öðrum á gagnrýninn hátt. Við hlustum því ekki eingöngu gagnrýnið á aðra heldur einnig á okkur sjálf.

Af þeim yfirmarkmiðum sem námsgreininni er skipt upp í þá á heimspekin einna helst erindi við markmið talað máls og hlustunar. Dæmi um markmið í íslensku sem tengjast heimspeki eru:

- *hafi þjálfast í rökraðum og í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir*
- *taki virkan þátt í samræðum og virði viðeigandi reglur*
- *geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær*
- *kunni að hlusta á aðra og bregðast við á viðeigandi hátt*
- *vera fær um að taka þátt í umræðum og gera grein fyrir skoðunum sínum og rökstyðja þær<sup>41</sup>*

Heimspekileg samræða á því vel heima í íslenskukennslu en markmiðin eru einkum bundin við viðeigandi þátttöku í samræðunni og snýr þar af leiðandi að tjáningu, hlustun, og því að geta fært rök fyrir máli sínu. En með viðeigandi viðhorfum skapast kjöraðstæður fyrir gagnrýna hugsun.

Sjá má á þessari yfirferð yfir námsgreinahluta aðalnámskrár grunnskóla, sem nú er í notkun, að þar er að finna ófá heimspekileg markmið sem árangurrikast væri að nálgast með heimspekilegri samræðu.

---

<sup>40</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Íslenska. 2007: 8

<sup>41</sup> Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Íslenska. 2007: 11-18



## Leik- og framhaldsskólinn

Hér í þessari ritgerð mun ég ekki fjalla eins ítarlega um námskrá leik- og framhaldsskólans og grunnskólans. En ef inngangur þeirra námskráa er skoðaður koma fram svipuð markmið og í námskrá grunnskólans nema með örlítið ólíkari áherslum.

Menntamálaráðuneytið mótar uppeldistefnu leikskólans sem og annarra skólastiga<sup>42</sup> en leikskólinn er fyrst og fremst uppeldisstofnum og markmið hans því fremur þroskamiðuð en fagmiðuð.<sup>43</sup> En samkvæmt lögum um leikskóla skal meginmarkmið með uppeldi í leikskóla vera meðal annars: að „stuðla að umburðalyndi og víðsýni barna ... efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börnin verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífeldri þróun“ og að lokum að „rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsaman hátt.“<sup>44</sup> En gagnrýnin hugsun er einnig nefnd á nafn í námskrá leikskólans líkt og á öðrum skólastigum. Eitt af þeim markmiðum er snúa að vitsmunáþroska barna er „að spyrja spurninga sem leiða til gagnrýnnar hugsunar“<sup>45</sup>. Með þessi markmið í huga og það að markmið leikskólafræði séu fremur þroskamiðuð en fagmiðuð, þá ætti heimspekin enn fremur heima þar sem aðferðafræði, og þar af leiðandi *að leggja stund á* heimspeki með heimspekilegri samræðu, en það að *kenna* heimspeki. En hvernig er hægt að spyrja spurninga sem leiða til gagnrýnnar hugsunar nema í gegnum heimspekilega samræðu?

Ef við snúum okkur að framhaldsskólanum þá veitir aðalnámskrá framhaldsskólans upplýsingar um menntastefnu stjórnvalda sem og aðrar námskrár. Fram kemur að aðalnámskráin sé helsta stjórnþeki fræðsluyfirvalda „til að tryggja ákveðna samræmingu og samhæfingu framhaldsskóla við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu.“<sup>46</sup> Menntastefnan er síðan nánar útfærð með útlistun á hlutverki og markmiðum framhaldsskólans. Um hlutverk framhaldsskólans segir meðal annars að efla eigi „ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi“ og jafnframt að þjálfar eigi nemendur í „öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun“<sup>47</sup>. Við lok framhaldsskólagöngunnar er

<sup>42</sup> Aðalnámskrá leikskóla. 1999: 7

<sup>43</sup> Aðalnámskrá leikskóla. 1999: 8

<sup>44</sup> Aðalnámskrá leikskóla. 1999: 7

<sup>45</sup> Aðalnámskrá leikskóla. 1999: 10

<sup>46</sup> Almennur hluti: aðalnámskrá framhaldsskóla. 2004: 7

<sup>47</sup> Almennur hluti: aðalnámskrá framhaldsskóla. 2004: 8

síðan meðal annars stefnt að því að nemendur hafi „tamið sér sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum... öðlast sjálfstraust og lært að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum“ einnig að nemandinn hafi „ræktað með sér gagnrýna hugsun, dómgreind og umburðalyndi“ og að lokum sé fær um að „tjá skoðanir sínar, taka ákvarðanir og séu óhræddir við breytingar í námi og starfi“.<sup>48</sup> Til að byrja með þá er ábyrgðarkenndin, víðsýnin, frumkvæðið, sjálfstraustið, umburðalyndið og virðingin allt þættir sem eru hluti af þeim viðhorfum sem nemandinn þarf að tileinka sér í heimspekilegri samræðu. Hins vegar á, sem hluti af hlutverki framhaldsskólans, að „þjálf“ nemendur í gagnrýninni hugsun og sem hluti af lokamarkmiðum hans, á nemandinn að hafa „ræktað með sér“ gagnrýna hugsun. En eins og áður hefur fram komið þá er besta leiðin til að þjálf og rækta gagnrýna hugsun í heimspekilegri samræðu.<sup>49</sup>

### Ný aðalnámskrá grunnskóla

Drög að nýrri aðalnámskrá grunnskóla, sem eru hér til umfjöllunar, voru fyrst birt 14. júlí 2010 og eru enn í vinnslu þegar þetta er skrifað. Uppsetning þessarar námskrár er önnur en þeirrar frá árinu 2006. Framsetning hennar er fremur aðgengileg og sjá má að öll nálgun að vinnu námskrárinnar er miðuð við það að opna fyrir möguleikann á nýjum og fjölbreyttum kennsluháttum með því að leggja áherslu á og kynna, ásamt fimm grunnþáttum menntunnar sem fjallað var um hér í upphafi ritgerðar, tólf áhersluþætti í aðalnámskrá, en allir þessir þættir eiga samsvörun í grunnþáttum menntastefnunnar og eru ekki bundnir við neina eina námsgrein<sup>50</sup>, og að auki hugtakið „lykilhæfni“ sem skiptist í „þekking“, „leikni“, „viðhorf“ og „hæfni“ og segir til um hvaða atriða ber að horfa til þegar markmið námsins eru skilgreind.<sup>51</sup>

Áhersluþættirnir eru því unnir úr fimm grunnþáttum menntunnar og lýsa þeim þáttum sem skólunum ber að leggja áherslu á, þáttum sem eiga að stuðla að ákveðnum viðhorfum og færni nemenda. Sem dæmi þá ber að leggja áherslu á sjálfsvitund, félagsvitund,

---

<sup>48</sup> Almennur hluti: aðalnámskrá framhaldsskóla. 2004: 9

<sup>49</sup> Heimspekileg samræða getur bæði verið samræða með öðrum og „innri“ samræða sem einstaklingurinn getur tjáð skriflega sem hluti af námi.

<sup>50</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 14. júlí 2010. „Aðalnámskrá grunnskóla. Drög að almennum hluta“. Sótt 4. ágúst 2010 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/eftirfarandi/namskrar//nr/306>: 7

<sup>51</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 14. júlí 2010: 10

borgaravitund, líkamlega og andlega velferð, tjáningu og færni til þekkingarleitar.<sup>52</sup> En það er einn þáttur sem er sérstaklega áhugaverður fyrir efni þessarar ritgerðar en hann er eftirfarandi:

Efla ber **rökhugsun og gagnrýna hugsun** nemenda, það er m.a. gert með því að þjálfna þá í að greina og skilja tengsl og orsakasamhengi hluta og draga röklegar ályktanir af gefnum forsendum, en jafnframt að leggja mat á þær forsendur sem gefnar eru. Í grunnskóla þarf að efla gagnrýna, sjálfstæða hugsun og heilbrigða dómgreind hjá einstaklingum og hæfileika til þess að bregðast við nýjum aðstæðum. Nemendur þurfa í námi sínu að fá tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar í rituðu og mæltu máli.<sup>53</sup>

Eins og sjá má þá lýsir þessi þáttur markmiðum heimspekikennslu og sem einn af áhersluþáttum væntanlegrar aðalnámskrár grunnskóla þá má gera ráð fyrir því að hlutverk heimspekikennslu vegi þyngra í starfsemi grunnskólanna eftir útgáfu námskrárinnar. En markmið tveggja annarra þátta benda enn frekar á mikilvægi heimspekikennslu en þeir fjalla um siðgæðisvitund og borgarvitund og mannréttindi.<sup>54</sup> Samkvæmt námskránni þá felur siðgæðisvitund meðal annars í sér það að nemendur „efli siðferðisþroska sinn og geti sett sig í spor annarra“, og að nemendur „læri að taka siðferðislega afstöðu til álitamála og virða rétt hvers og eins til að láta skoðanir sínar í ljósi“<sup>55</sup> Öll þessi atriði, að setja sig í spor annarra, að taka afstöðu, virða tjáningarfrelsi annarra og bera virðingu fyrir þeim, eru tekin fyrir í heimspekilegri samræðu á mjög markvissan hátt. Um borgaravitund og mannréttindi segir að með því að efla skólabrag sem tekur mið af því að „efla sjálfstæða gagnrýna hugsun, heilbrigða dómgreind, umburðarlyndi, jafnrétti, virðingu og náungarkærleik“ þá sé „lagður grunnur að skilningi nemanda á lýðræðislegu samfélagi og hlutverki einstaklingsins í því.“<sup>56</sup> En eins og áður hefur komið fram þá er besta leiðin til að efla gagnrýna hugsun og taka fyrir og fjalla um heilbrigða dómgreind, umburðarlyndi, jafnrétti, virðingu og náungarkærleik í heimspekikennslu og heimspekilegri samræðu.

Hér verður þó að hafa í huga að hægt er að nálgast *öll* viðfangsefni samræðunnar sem ég hef bent á í þessari ritgerð, til að mynda vináttu, jafnrétti og menningu, á margan ólíkan hátt. Ýmis fjölbreytileg verkefni er hægt að vinna með nemendum og flest þessara

<sup>52</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 14. júlí 2010: 7-9

<sup>53</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 14. júlí 2010: 8

<sup>54</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 14. júlí 2010: 7-8

<sup>55</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 14. júlí 2010: 7

<sup>56</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 14. júlí 2010: 8

viðfangsefna eru þverfagleg, það er að segja, að hægt er að vinna með þau í tengslum við flest ef ekki öll önnur fög. Það sem ég vil hins vegar leggja áherslu á hér er að heimspekikennsla og heimspekileg samræða fela í sér ákveðna nálgun sem felur í sér ákveðin hugsunarhátt sem við notum ekki dags daglega. Heimspeki er ákveðin háttur hugsunar sem krefst ákveðinna viðhorfa frá okkur. Heimspekikennsla, þá einna helst með heimspekilegri samræðu, er því kennsla sem hefur það að markmiði að þjálfa gagnrýna hugsun og fjalla um og kljást við hin ýmsu viðfangsefni á mjög markvissan hátt.

### Niðurstaða

Heimspekina er víða að finna í námskránni þó hún sjálf sé næstum hvergi nefnd á nafn. En eins og sjá má á markmiðum aðalnámskrárinnar þá er eitt af meginhlutverkum menntastofnana er að vera skjól fyrir hverskyns starfsemi hugans og hvergi annarstaðar á því heimspekileg samræða eins mikið heima sem heppileg aðferð til menntunar mannsandans, og það á öllum skólastigum. Heimspekileg samræða er góð leið til þess að þjálfa hugann, til að efla krafta hans og getu, óháð því hvort einstaklingurinn þekkir eitthvað til heimspeki eður ei. Það er vegna þess að í samræðunni þarf einstaklingurinn að kljást við sjálfan sig og hugmyndir sínar á krefjandi hátt, eitthvað sem hann gerir ekki í sínu daglega lífi og að þess háttar hugsun á sér einungis stað ef það verða einhver andleg átök, áskorun eða togstreita innra með einstaklingnum. Heimspekileg samræða er því einn af grundvöllum gagnrýnnar hugsunar sem er eitt það mikilvægasta fyrir einstaklinginn og samfélagið til að þroskast og dafna.

## Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Almennur hluti. 2006. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Íslenska. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Lífsleikni. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámskrá grunnskóla (rafrænt efni): Samfélagsfræði. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Almennur hluti: aðalnámskrá framhaldsskóla. 2004. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Brenifier, Oscar. "To philosophize is to cease living", *Oscar Brenifier: Institute of Philosophical Practises*. Sótt 16. júlí 2009 af: [http://www.brenifier.com/english/cease\\_living.htm](http://www.brenifier.com/english/cease_living.htm)
- Fisher, Robert. 2009. *Creative dialogue: Talk for thinking in the classroom*. Routledge, Taylor & Francis Group. London and New York.
- Háskóli Íslands: Kennsluskra 2010-2011. Sótt 18. maí 2010 af: <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=17403&kennsluar=2010>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Júlí 2010. „Grunnþættir í menntun“. Sótt 4. ágúst 2010 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar//nr/306>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 14. júlí 2010. „Aðalnámskrá grunnskóla. Drög að almennum hluta“. Sótt 4. ágúst 2010 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar//nr/306>
- Mikael M. Karlsson. 2005. „Hugsun og gagnrýni“ í *Hugsað með Páli: Ritgerðir til heiðurs Páli Skúlasyni sextugum*. Ritstj. Róbert H. Haraldsson, Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason. Háskólaútgáfan. Reykjavík.
- Páll Skúlason. 1987. „Viðhorf til menntunar“ í *Pælingar: Safn erinda og greina*. Reykjavík, ERGO